

Strætó bs.

Endurskoðunarskýrsla 2023

5. apríl 2024

Sturla Jónsson
Eigandi
sturlaj@grantthornton.is

Haukur Hauksson
Verkefnastjóri
haukurh@grantthornton.is

5. apríl 2024

Stjórn og endurskoðunarnefnd Strætó bs.
Hesthálsi 14
110 Reykjavík

Endurskoðun ársreiknings 2023

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Strætó bs árið 2023.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2023, efnahagi þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum ársreiknings. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins.

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 520-7000
www.grantthornton.is

Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Sturla Jónsson, löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá Grant Thornton endurskoðun ehf. undirritar ársreikning félagsins fyrir okkar hönd.

Virðingarfyllst,
Grant Thornton endurskoðun ehf.



Sturla Jónsson
Löggiltur endurskoðandi

Um endurskoðunina



Umfjöllun um endurskoðunina

Upphafsaðgerðir og atriði er snúa að skipulagningu endurskoðunarinnar

Rammi endurskoðunarinnar

Endurskoðendur og störf þeirra heyra undir lög nr. 94/2019 um endurskoðendur. Endurskoðendum ber að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) og alþjóðlegan staðal um gæðaeftirlit. Einnig berum við skyldur samkvæmt sérlögum og reglum og lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Öllum aðildarfélögum Grant Thornton International Ltd. er skylt að starfa eftir sömu aðferðafræði. Aðferðafræðin byggir á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum. Auk þess nota aðildarfélög Grant Thornton sama skjölunarkerfi.

Ráðningarbréf

Við höfum fengið undirritað ráðningarbréf af stjórnarformanni. Þá er í gildi verksamningur gerður við Reykjavíkurborg og tilgreind B hluta félög dags. 31. október 2023 og gildir hann til 5 ára.

Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi byggðasamlagsins. Hluti af upphafsaðgerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar.

Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisyfirlýsingu gagnvart félaginu. Við höfum ekki veitt félaginu neina aðra þjónustu en endurskoðun ársreiknings.

Umfjöllun um endurskoðunina

Áhættumat og mikilvægismörk

Mikilvægismörk

Mikilvægismörk eru einn af grunnþáttum endurskoðunar. Mikilvægismörk marka magn gagna sem endurskoðandi aflar og setja viðmið um hvað telst veruleg skekkja í skilningi endurskoðunarstaðla.

Við höfum skilgreint mikilvægismörk vegna reikningsskilanna í heild sinni (e. materiality) sem 3% af rekstrartekjum og nema þau þannig 160,0 m.kr. Sérstök mikilvægismörk (e. performance materiality) er 75% af þeirri fjárhæð eða 120,0 m.kr.


Áhættumat

Endurskoðun er áhættumiðuð sem þýðir að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum við teljum að veruleg áhætta á rangfærslum sé fólgin. Þar sem við teljum verulega áhættu á rangfærslum í reikningsskilunum ber okkur að bregðast sérstaklega við með ákveðnum endurskoðunaraðgerðum.

Að neðan er upptalning á helstu áherslum við endurskoðun okkar:

- Innlausn rekstrartekna
- Varanlegir rekstrarfjármunir
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti
- Forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi

Helstu áherslur við
endurskoðun og
niðurstöður



Helstu áherslur við endurskoðun

Umfjöllun um liði sem teljast veruleg áhætta

Rekstrartekjur – fargjöld

Áhættumat

Tilvist tekna, sviksemisáhætta í tekjum

Rekstrartekjur teljast veruleg áhætta enda að jafnaði gengið út frá því að sviksemisáhætta sé í tekjum skv. ISA 260

Rekstrartekjur greinast svo:

í millj.kr.	2023	2022	%
Fargjöld	2.047,1	1.732,8	18%
Rekstrarframlög, eigendur	6.080,0	5.098,1	19%
Ríkisframlag	906,0	906,0	0%
Pant akstursþjónusta	1.630,5	1.437,4	13%
Áðrar tekjur	425,7	392,0	9%
Rekstrartekjur samtals	11.089,2	9.566,3	16%

Umfjöllun

Fargjaldatekjur nema 2.407,1 millj. kr. (2022: 1.732,8 millj. kr.) og aukast um 18% milli ára.

Við höfum framkvæmt greiningaraðgerðir á tekjum þar sem tekjur eru áætlaðar út frá magn- og verðaukningu milli ára. Þá höfum við sannreynt tekjuskráningu með úrtaksprófunum auk þess að hafa framkvæmt prófanir á innra eftirliti er varðar tekjuskráningu.

Við staðfestum viðskiptakröfur í árslok með skoðun á innborgunum eftir áramót og ytri staðfestingum. Þá fórum við yfir forsendur félagsins um niðurfærslu viðskiptakrafna og mátum réttmæti hennar.

Niðurstöður

Yfirferð okkar á rekstrartekjum og viðskiptakröfum er án athugasemda en við höfum þó komið á framfæri nokkrum ábendingum til stjórnenda um það sem betur mætti fara í innra eftirliti tengdu tekjuskráningu og mati á viðskiptakröfum.

Helstu áherslur við endurskoðun

Umfjöllun um liði sem teljast veruleg áhætta

Varanlegir rekstrarfjármunir

Áhættumat

Nákvæmni og tilvist varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir eru stærsti einstaki liður efnahagsreikningsins og sérstök áhersla lögð á yfirferð eignfærslna ársins.

Umfjöllun

Varanlegir rekstrarfjármunir nema 1.691,2 millj. kr. í árslok (2022: 1.560,6 millj. kr). Eignfærslur nema 407,7 millj. kr (2022: 96,3 millj.kr) á árinu og eru helst tilkomnar vegna kaupa á nýjum rafmagnsvögnum og búnaði þeim tengdum auk áframhaldandi þróunar nýs greiðslukerfis.

Strætisvagnar eru afskrifaðir á 13 árum en önnur ökutæki á 10 árum.

Við höfum yfirfarið eignaskrá félagsins og staðfest tilvist eigna með úrtaksprófunum. Þá höfum við yfirfarið eignfærslur ársins og staðfest réttmæti þeirra.

Við höfum lagt mat á fyrningar ársins og líftíma eigna, sem og endurreiknað fyrningartöflu en hún er utan fjárhagsbókhaldskerfis.

Niðurstöður

Yfirferð okkar á varanlegum rekstrarfjármunum er athugasemdalaus.

Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Áhættumat

Financial statement risk

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að sú áhætta sé fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit.

Umfjöllun

Við höfum framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við áhættunni á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti. Aðgerðir okkar snúa helst að dagbókarfærslum, úttektum á launum lykilstjórnenda og yfirferð á matskenndum liðum.

Niðurstöður

Yfirferð okkar er athugasemdalaus.

Helstu áherslur við endurskoðun

Umfjöllun um liði sem teljast veruleg áhætta

Rekstrarhæfi

Áhættumat

Financial statement risk

Forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi er grunnforsenda reikningsskilanna. Félaginu ber að fylgja kröfum IAS 1 er varðar upplýsingagjöf um rekstrarhæfi í reikningsskilum.

Umfjöllun

Forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi er grunnforsenda reikningsskilanna. Félag er talið vera rekstrarhæft nema stjórnendur þess ætli sér að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess eða hafa ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Við mat á rekstrarhæfi skulu stjórnendur taka tillit til allra fyrirbyggjandi upplýsinga um framtíðarhorfur í rekstri félags.

Handbært fé frá rekstri hefur verið neikvætt undanfarin misseri eftir mikið tekjufall sökum faraldur kórónaveiru og hækkandi verð á aðföngum og aðkeyptum akstri umfram tekjur. Tapreksturinn hefur verið fjármagnaður með auknum framlögum frá eigendum og ráðgert að rekstur ársins 2024 verði í jafnvægi. Lítið má þó út af bregða svo út af beri í rekstri byggðasamlagsins

Neikvætt sjóðstreymi til rekstrar undanfarinna ára hefur verið fjármagnað með viðbótarframlögum frá eigendum auk þess sem félagið hefur tekið ný lán frá viðskiptabanka félagsins. Nokkur vinna hefur átt sér stað á mati á fjárþarfar Strætó bs. til lengri tíma í ljósi rekstrarvanda en samkvæmt okkar upplýsingum er þeirri vinnu ekki lokið.

Við höfum yfirfarið rekstraráætlanir og aðgerðaráætlanir stjórnenda til næstu mánaða. Þá höfum við yfirfarið þær skýringar og þá umfjöllun sem sett hefur verið fram í ársreikningi byggðasamlagsins.

Niðurstöður

Ekki eru gerðar athugasemdir um notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi enda þykir sýnt að félagið er ekki í bráðum fjárhagsvanda. Við vísum til framangreindrar umfjöllunar í ársreikningi okkar án þess að gera fyrirvara við áritun okkar

Helstu áherslur við endurskoðun

Aðrir liðir

Framlög eignaraðila og ríkisframlag

Eigendur Strætó bs. bæta upp rekstrarhalla með sérstökum framlögum sem innheimt eru á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar leggja eigendur fram framlag til niðurgreiðslu nemendafargjalda og fargjalda öryrkja og aldraðra. Á árinu 2023 lögðu eigendur félaginu til sérstakt viðbótarframlag sem nam 351 m.kr. vegna uppgjors á skuld vegna dómsmáls.

Framlag ríkis er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn var endurnýjaður á árinu 2021 og gildir til ársins 2034. Framlag ársins 2023 nam 906,0 m.kr. (2022: 906,0 m.kr.). Athygli er vakin á því að samningurinn felur ekki í sér verðtryggingarákvæði.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar

Með breytingum á lögum er varðar lífeyrismál opinberra starfsmanna frá árinu 2016 var sú grundvallarbreyting gerð að tryggingafræðileg staða A deildar naut ekki lengur óbeinnar bakábyrgðar launagreiðanda eins og áður hafði verið. Fór því fram uppgjör á áföllnum lífeyrisskuldbindingum þessa hóps við Brú lífeyrissjóð með eingreiðslu að hálfu launagreiðanda á árinu 2017.

Þeir sem náð höfðu 60 ára aldri eða höfðu hafið töku lífeyris við gildistöku laganna í júní 2017 voru þó utan þessa uppgjors. Þar sem tryggingafræðileg staða A deildar er nú utan vikmarka hefur Brú lífeyrissjóður hafið mánaðarlega innheimtu sem nemur 10% af lífeyrisgreiðslum þessa hóps sem fellur á launagreiðendur. Hófst þessi innheimta í janúar 2024 og mun vara næstu áratugi eða á meðan hópurinn fær greiddan lífeyri.

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi er áætluð skuldbinding vegna þessa 69 m.kr. í árslok 2023 hjá Strætó bs. Því til viðbótar hefur verið bókuð 188 m.kr. skuldbinding vegna hóps starfsmanna sem voru á launaskrá hjá Reykjavíkurborg á árunum 2016-2021 en voru í reynd starfsmenn Strætó. Breytingin er færð beint í gegnum rekstrarreikning.

Ekki er þó fullséd hvort skuldbindingar allra þessara starfsmanna eigi með réttu að falla á Strætó og er málið í nánari skoðun með Reykjavíkurborg og Brú lífeyrissjóði. Heildarskuldbinding mun því mögulega lækka en að svo stöddu þótti rétt að færa alla fjárhæðina til skuldar og leiðrétta frekar á árinu 2024 ef þörf gerist.

Helstu áherslur við endurskoðun

Aðrir liðir

Launakostnaður

Launakostnaður nam 3.481,9 millj. kr. á árinu (2022: 3.064,1 millj. kr.). Meðalfjöldi stöðugilda nam 239 (2022: 247).

Við höfum yfirfarið upplýsingar í launakerfi og afstemmt við fjárhagsbókhald. Þá höfum við framkvæmt greiningaraðgerðir á launakostnaði og launatengdum gjöldum. Við framkvæmdum sérstaka launaskoðun á völdum starfsmönnum, þar sem laun voru borin saman við ráðningarsamning ásamt því að framkvæma prófanir á eftirlitsaðgerðum í launaferli.

Annar rekstrarkostnaður

Almennur rekstrarkostnaður, sem skiptist í rekstur vagna, aðkeyptan akstur og annan rekstrarkostnað, nemur 5.738,7 millj. kr. (2022: 5.431,0 millj. kr) og eykst um 5,7% milli ára.

Við endurskoðun rekstrarkostnaðar höfum við staðfest kostnaðarliði með úrtaksprófunum og greiningaraðgerðum auk þess sem við höfum yfirfarið afstemmingar lánadrottna og áfallinna skulda.


Yfirferð ársreiknings og skýringa

Við höfum yfirfarið ársreikning félagsins og samkvæmni við kröfur laga um ársreikninga.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt lögum um ársreikninga eru ríkar kröfur um upplýsingagjöf sem fylgja þarf ársreikningi sem greina þarf frá í skýrslu stjórnar. Þá hefur félagið einnig gefið út ársskýrslu og annað efni sem birt er samhliða ársuppgjöri. Um ábyrgð okkar gagnvart þessum upplýsingum er fjallað í kaflanum „Aðrar upplýsingar“ í áritun okkar með ársreikningnum.

Önnur mikilvæg
atriði



Mikilvæg atriði

Umfjöllun um mikilvæg atriði sem okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og stjórnendur um

Fundur með stjórnar og endurskoðunarnefnd

Við höfum fundað með endurskoðunarnefnd nokkrum sinnum yfir árið. Við áttum fund með endurskoðunarnefnd þann 25. mars 2024 vegna málefna félagsins sérstaklega en einnig hafa málefni félagsins komið til tals á öðrum fundum.

Óleiðréttir mismunir

Engar óleiðréttar skekkjur fundust við endurskoðunina sem reyndust yfir skráningarmörkum.

Umfjöllun um sviksemi

Við höfum ekki verið upplýst um sviksemi eða misferli né höfum við orðið slíks áskynja við endurskoðun okkar.

Tengdir aðilar

Gerð er grein fyrir öllum verulegum viðskiptum við tengda aðila með fullnægjandi hætti í ársreikningi félagsins í samræmi við kröfur IAS 240.

Lögfræðimál og skaðabótakröfur

Við höfum óskað eftir upplýsingum frá stjórnendum um yfirvofandi dómsmál, ágreining eða skaðabótakröfur. Þá höfum við óskað eftir sömu upplýsingum frá ytri lögfræðingum sem starfa fyrir félagið.

Engin mál liggja fyrir sem rétt væri að greina frá í ársreikningi.

Staðfestingar frá þriðja aðila

Við óskudum eftir leyfi frá stjórnendum til að senda staðfestingarbeiðni á helstu fjármálastofnanir landsins til að staðfesta handbært fé. Þá höfum einnig fengið staðfestingu frá ytri lögfræðingum sem starfa fyrir félagið vegna mögulegra lögfræðimála eða yfirvofandi skaðabótakrafna.

Staðfestingarbréf

Við munum óska eftir staðfestingarbréfi undirrituðu af framkvæmdastjóra samhliða undirritun ársreiknings.

Mikilvæg atriði

Umfjöllun um mikilvæg atriði sem okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og stjórnendur um

Innra eftirlit

Við höfum komið nokkrum ábendingum á framfæri er varðar frágang reikningsskila og innra eftirlit til stjórnenda.

Við endurskoðun okkar urðum við þess vör að aðgreiningu starfa hefur ekki alls staðar verið komið við á Fjármálasviði. Til staðar eru þó verkferlar og verkaskipting sem lágmarkar áhættu vegna þessa.



Grant Thornton

An instinct for growth™

grantthornton.global

© 2022 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

'Grant Thornton' refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires. Grant Thornton International Ltd (GTIL) and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms. GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.